

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 18/2007

frá 27. apríl 2007

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2006 frá 27. janúar 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/340/EB frá 8. maí 2006 um breytingu á ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/171/EB í því skyni að lengja gildistíma undanþáguskilyrða fyrir glerumbúðir að því er varðar gildi fyrir styrk þungmálma sem ákveðinn er í tilskipun 94/62/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 7d (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/171/EB) í XVII. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32006 D 0340**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/340/EB frá 8. maí 2006 (Stjtið. ESB L 125, 12.5.2006, bls. 43).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2006/340/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. apríl 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 92, 30.3.2006, bls. 26, og EES-viðbætur nr. 17, 30.3.2006, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 125, 12.5.2006, bls. 43.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.